

Til nemenda og forráðamanna barna á námskeiðum
*English below

Kæru nemendur

Ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi felur í sér ákveðna afléttingu hafta. Grímunotkun er ekki lengur skylda nema þegar ekki er hægt að hafa a.m.k. eins metra bil á milli manna og fleiri mega koma saman í einu rými. Við mælumst samt til áframhaldandi grímunotkunar innan skólans þar sem nám og kennsla í myndlist kallar oft á meiri nánd en nemur þessum eina metra.

Börn á grunnskólaaldri eru sem fyrr undanþegin nálægðartakmörkunum og grímuskyldu en forráðamenn þeirra eru nú velkomnir í húsið á ný.

Kaffistofan verður nú opin nemendum en eins og verið hefur er óheimilt að nota tæki og áhöld í eldhúsinu. Áfram þarf því hver og einn að koma með sitt nesti tilbúið í skólann og neyta þess með eigin áhöldum. Áður en kaffistofan er yfirgefin þarf hver hópur eða kennari hóps að sótthreinsa borð, stól og aðra snertifleti eftir sig.

Reglugerðin tók gildi miðvikudaginn 24. febrúar og gildir út skólaárið nema eitthvað óvænt gerist. Við hvetjum því til áframhaldandi varúðar.

Með bestu kveðjum,
Áslaug Thorlacius, skólameistari

.
.
.

To students and guardians of students in courses

Dear students

A relaxation of COVID-19 measures has been announced by the Icelandic government. The use of masks is no longer mandatory unless a one meter's distance between people is impossible to maintain and now more people may come together in one space. We still recommend the use of masks within the school, as learning and teaching art often requires more closeness than in other subjects. Children of primary school age are still exempt from the restriction of proximity and the obligation to wear masks. Their guardians are again welcome in the school.

The student canteen will now be open. As before, the use of any of the kitchen's appliances and utensils is not allowed, so students will continue to bring their own food and drinks to school and use their own utensils. Before leaving the canteen each group or it's teacher must disinfect tables, chairs and other contact surfaces.

The regulation came into force on February 24th and is valid until the end of the school year, unless something unexpected happens. We therefore urge continued caution.

Regards,
Áslaug Thorlacius, Headmaster